

Rangárping ytra  
Suðurlandsvegur 1-3  
850 Hella

Reykjavík 29. nóvember 2018  
UST201811-156/A.B.  
10.04.03

**Efni:** Lýsing - Deiliskipulag fyrir Gaddstaði í Rangárpingi ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings ytra er barst 13. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagstillögu fyrir Gaddastaði í Rangárpingi ytra.

Í lýsingu kemur fram að skipulagið tekur til íbúðar- og frístundasvæði á Gaddstöðum, sem er austan Hellsu og sunnan Suðurlandsvegar. Í gildi eru tvö deiliskipulög vegna frístundabyggðar og við gildistöku nýs skipulags munu eldri skipulög falla úr gildi. Einnig kemur fram í lýsingu að á íbúðarlóðum verður heimilt að byggja íbúðarhús, bílskúr, gestahús og eftir atvikum aðrar byggingar. Á frístundalóðum verður tekið mið af núverandi ákvæðum deiliskipulags.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um fráveitu í lýsingu, en öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu að öðru leyti, gerð fullnægjandi grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur